

Í kvöld verður opnuð á Kjarvalsstöðum einkasýning á nýjum verkum eftir Helga Þorgils Friðjónsson. Þetta er stór dagur í lífi listmálarans, ekki aðeins vegna þess að þetta er stærsta einkasýning hans í ein níu ár heldur líka vegna þess að hann er fimmtugur í dag. Á verkum hans má sjá að hann stækkar heldur við sig; málverkin eru mörg svo stór að þau þurfa mikið rými ein og sér, þar að auki er ein serie upp á fimm stór málverk, 205X200 sm hvert og því tíu metrar í heild. Á þeim gengur nakinn maður með hausnúpu í höfuðs stað og orf og ljá um öxl. Þegar röðin er skoðuð í heild sést að orfið hreyfist örllítið í göngutakti mannsins, öldurnar í baksýn líka.

Það er til heilmikils mælst að bjóða verk sem tekur tólf metra af vegg en Helgi er hinn rólegasti yfir því. „Ég er auðvitað að koma á framfæri ákveðinni listhugsun og vel þá stærð fyrir myndverkið sem ég held að vinni sem best og á sem áhrifaríkastan hátt með myndefninu,“ segir hann.

Húmor eða drama

Annað verk sem athygli vekur er geysistört málverk af afskornum blómum í vasa á hlutlausum grunni með himin í baksýn. – Blóm, Helgi?

„Ég hef lengi málað uppstillingar og sumar þeirra mynda hafa ratað inn á sýningar hjá mér en þær hafa kannski aldrei verið svona stórar og afgerandi,“ segir hann. „Þessar myndir, bæði blómin og myndaröðin af mannum með ljáinn, eru eins konar tillag við þrjú-fjögurhundruð ára hefð uppstillingamynda í myndlist. Á ítölsku heitir þetta „natura morte“ eða dauð náttúra. Á myndunum mínum má sjá



Helgi á uppskeruhátíð

Hér er vísað í klassískar evrópskar uppskeruhátíðarmyndir en með íslenskum áherslum.

Á forsendum fegurðar og þekkingar

– Helgi Þorgils heldur upp á fimmtugsafmæli sitt með stórri einkasýningu á Kjarvalsstöðum

mörg einkenni slíkra mynda: skordýrin, tákn eyðingarinnar, hausnúpana, tákn dauðans, fiðrildi og fugl, tákn augnabliksins sem er svo hverfult. Þrátt fyrir allt hefur maðurinn ekki enn náð tökum á eilífðinni.“

Helgi hefur haldið fjölda einkasýninga hér á landi og víða erlendis, á Ítalíu, Spáni, Hollandi, Þýskalandi, Sviss og Norðurlöndum auk þess sem verk hans hafa verið á samsýningum um allan heim. Oftast heldur hann sýningar á Ítalíu, jafnvel oftast en hér heima.

„Aðalgalleríið mitt er í Milanó en sá sem rekur það sendir myndirnar víðar á sýningar. Þær hafa fengið ágæta athygli en Ítalíurnir eiga samt erfitt með einhverja þætti í þeim sem þeim finnst norrænir að kyni,“ segir Helgi. „Ég segi stundum sögu af ítölskum listfræðingi sem hefur oft fjallað um myndirnar mínar og er yfirleitt jákvæð þótt hún láti þennan drunga stundum trufla sig. Hún kom einu sinni til Íslands og sagðist skilja myndirnar betur eftir það. Einn morgun fór ég með hana á Kaffivagninn, þetta var í ágústbyrjun og skýjað, stór ský og mikil eins og oft á þeim árstíma. Hún greip um höfuðið og sagði: „Too dramatic for me!“ Þeir eiga stundum erfitt með það sem þeim finnst stórkaralegt og á einhvern hátt flókið en jafnframt sýnist mér vera gegnumgangandi áhugi á góðu málverki, og þar held ég að ég komi inn í málið.“

– Nú finnst mér myndirnar þínar frekar einkennast af húmor en drama...

„Ég held að ég blandi þessu tvennu saman,“ segir Helgi. „Ég nota húmorinn aldrei beint heldur skapast í myndunum óvenjulegt samhengi sem getur orðið kímilegt.“

– Ég meina ekki að kímni þín sé groddaleg, að þú sért að segja brandara í myndunum þínum, húmorinn er miklu fremur ljóðrænn og fingerður.

„Það er reyndar oft nefnt í umræðu um íslenska list, samanber Sigurð Guðmundsson, Kristján bróður hans og fleiri,“ segir Helgi.

Opnar myndir

Á glaðlegri mynd með fljúgandi harmonikleikara og berum strák að blása sápukúlur vísar Helgi í frægar uppskeruhátíðarmyndir frá fyrri öldum, til dæmis eftir Titian. Og við hliðina á henni er mynd af öðru klassísku viðfangsefni, málaranum og fyrirsætu hans.

„Hún heitir Heimurinn málaður,“ segir Helgi, „og þetta er eins konar sjálfmynd. Málariinn á myndinni er að mála myndina sem hann er sjálfur á. Með honum og módeli hans er svanurinn sem hefur ótalmargar listsögulegar skírskotanir. Þar er ég að takast á við bæði listasöguna og lífið sjálft, þ.e.a.s. tilvistarspurninguna.“

– Svannir hafa löngum heillað þig.

„Já, en löngu áður en það gerðist var ég einu sinni í fjallgöngu á kaldranalegu vori fyrir vestan. Þá sá ég svannar í nóturlegu, grábrúnu, vetrardauðu landslagi, og mér fannst þau eins og tákn fyrir lífkeðjuna. Svolítið rómantísk



Gengið við hlið mannsins með ljáinn

„Þrátt fyrir allt hefur maðurinn ekki enn náð tökum á eilífðinni.“

mynd. Í ljóðum er svanurinn bæði vorkoma – svanasöngur á heiði – og dauði, svanasöngurinn. Svo eru náttúrulega ævintýrin og sagan af því hvernig Seifur komst yfir Ledu. En auðvitað á ekki að lesa þetta á svona einfaldan máta, það getur komið tóm vitleysa út úr því. Myndirnar mínar eiga að vera opnar og þær eiga að höfða bæði til þess sem hugsar um og hefur áhuga á listum og líka vera til einhvers fyrir aðra.“

Spurningin um fegurðina

Helgi hafði það eftir listunendum á Ítalíu að það yrði heilmiklar breytingar á myndum hans milli sýninga þar sem algengast er að menn haldi sínu striki, og hann hefur gaman af þessum ummælum vegna þess að margir hér heima segja að hann sé alltaf að mála þessa sömu nöktu karla – „sem þýðir auðvitað með öðrum orðum að þeim finnst ég alltaf hjakka í sama farinu,“ bætir hann við hlæjandi.

– Þó þarf ekki að fara langt aftur á ferli þínum til að sjá afar miklar breytingar og þú leggur miklu meira upp úr vönduðu handbragði – fegurð – nú en áður.

„Ég álit að myndirnar sem ég gerði til dæmis í kringum 1980 hafi verið hráunnar en þær voru rétt unnar á þeim tíma,“ segir Helgi, „og vinnubrögð á hverjum tíma eru í samræmi við það sem ég er að hugsa á þeim tíma. Í skóla þótti ég þokkalegur hæfileikamaður hvað varðaði tækni og á seinni hluta námstímans fór ég að vinna gegn því, bæði sem uppreisnarmaður og í eins konar tilvistarrannsókn. En þegar allir voru komnir á kaf í svo kallað nýja málverk fór mig að langa til að vinna meira á forsendum fegurðar og þekkingar – og á þá náttúrliga við það alhliða. Maður hafði einhverja þekkingu og tæknigetu en vann gegn henni áður til að ná

fram gagnrýni á veruleikann með afhelgun efnis og sögu, en á þessum tímamarki fór ég að velta fyrir mér hvort ég næði því ekki betur með því að beita kunnáttunni með formerkjum þekkingarinnar og hugsa um hvað það er sem fólk kallar almennt fegurð. Ég velti fyrir mér hvort maður gæti ekki notað það svæði sem efnivið, og þá fór ég að skoða af áhuga norrænu endurreisnina sem er allt öðruvísi en sú ítalska, Dürer, Cranach og fleiri. Einnig pre-rafaelistana sem predikuðu það að endurreisnin hefði í og með eyðilagt það sem þeir kölluðu list með því að líta á manninn sem snilling, gera úr honum guði líka veru en áður var hann starfsmaður guðs.“

Sjálfsmyndir?

Helgi tinir fram litlar myndir þar sem hann leikur sér að málverki eftir Rafael af heilögum Sebastian. Ein er hrein eftirmynd af málverki Rafaels, á annarri hefur Sebastian fengið andlit Helga, á þeirri þriðju er Helgi kominn í stað Sebastians en í sömu stellingu og með ör í hendi.

„Sjálfsmyndirnar ber ekki að líta á þannig að þær séu endilega af mér heldur alveg eins af þér,“ segir Helgi. „Þetta er hinn almenni maður þó að ég sitji fyrir sjálfur. Á myndunum mínum fyrir 1980 er ég meira að vinna með imynd manns en sérstaka persónu, og mér fannst það ekki nóg. Mér fannst ég taka meiri ábyrgð ef ég setti sjálfan mig inn á myndirnar. Ég yrði að þola það sem ég gæti ætlað öðrum að þola. Síðan hef ég gengið nær og nær sjálfum mér og ég held að þetta hafi verið gott skref.“

– Svo þú ert þarna með hausnúpana?

„Já, eða þú,“ segir Helgi stríðnislega.

– Er gaman að opna stóra sýningu á Kjarvalsstöðum?

„Ja, gaman,“ segir hann og dregur við sig svarið, „þetta er alla vega viss hreinsun! Síðustu tvær sýningar mínar voru fremur litlar og sú síðasta stóra í Listasafni Íslands 1999 var yfirlits-sýning og ekki þannig lagað tengd tímanum þegar hún var sett upp. Ég þarf stórt rými ef vel á að vera, ekki endilega til að hlaða í það heldur til að geta haft bæði stórar og litlar myndir og ólík myndefni. Úti er algengast að vera í litlum galleríum, þá er maður með eina til tvær stórar myndir og kannski tíu minni. Nú get ég breitt úr mér.“

Sýning Helga Þorgils verður opnuð almenníngi í fyrramálið kl. 10 og er opin alla daga kl. 10-17 til 11. maí. Hann verður með listamannspjall á Kjarvalsstöðum á sunnudaginn kl. 15.



Málariinn, málverkið og módelið

Blómin í vasanum eru dauð en á myndinni lífa þau ævinlega.